

## 19. Frumvarp

til laga um nauðasamninga.

(Lagt fyrir Alþingi 1924.)

### I. KAFLI.

*Orðaskýringar o. fl.*

#### 1. gr.

Nauðasamningur er í lögum þessum samningur gerður með atbeina skiftarjettar milli skuldunauts og lögmaelts meiri hluta lánardrottna hans um skuldagreiðslur, og bindur samningurinn einnig minni hluta lánardrottnanna eftir að skiftarjettur hefir staðfest hann.

Samingsmenn eru þeir lánardrottnar nefndir, er nauðasamningur bindur, Samingskröfur eru þær kröfur nefndar, er nauðasamningur tekur til.

Atkvæðismenn eru þeir lánardrottnar nefndir, sem eiga kröfur, er atkvæðisrjettur um nauðasamning fylgir.

Atkvæðiskröfur eru þær kröfur, er atkvæðisrjettur um nauðasamning fylgir.

#### 2. gr.

Hvarvetna þess, er lögheimilt er að gefa út áskorun (proklama) til lánardrottna að viðlögðum missi kröfu, ef henni er ekki lýst í tækan tíma, skal kröfulýsingarfrestur vera 4 almanaksmánuðir frá síðustu birtingu áskorunar talið.

### II. KAFLI.

*Um nauðasamninga í sambandi við gjaldprotameðferð á búi skuldunauts.*

#### 3. gr.

Nú er bú manns tekið til gjaldprotaskifta að honum lifanda, og er honum þá rjett að bera upp frumvarp til nauðasamninga. Skal hann skila

frumvarpinu með nafni sinu undir til skiftarjettar í síðasta lagi viku eftir að kröfúlýsingarfrestur er liðinn. Frumvarp, er síðar kemur fram en áður en úthlutun fer fram, má þó taka til meðferðar, ef fullur helmingur atkvæðismanna, bæði að tölu og kröfumagni, veitir til þess samþykki sitt, enda fylgi frumvarpinu skrifleg yfirlýsing þeirra um það atriði.

Í frumvarpi skal greina:

1. Hvern hundraðshluta af samningskröfum skuldunautur ætli að greiða.
2. Hvenær þær greiðslur skuli fara fram.
3. Hvort trygging verði sett fyrir skilvisri greiðslu, og, ef svo er, þá hver.
4. Önnur atriði, er skuldunautur vill taka fram og hann ætlar máli skifta.

#### 4. gr.

Skuldunautur hefir ekki rjett til að leita nauðasamninga samkvæmt 3. gr., ef hann

1. Hefir á síðustu 2 árum fyrir gjaldþrotaskiftin orðið sannur um brot þau, er í 262. og 263. gr. alm. hegningarlaga segir.
2. Hefir ekki, þegar hú hans var síðast tekið til gjaldþrotamedferðar, haldið þær bækur, sem honum var lögskylt að halda, eða ef bækur þær, sem hann hefir haldið, hvort sem honum var lögskylt að halda þær eða ekki, eru sviksamlega haldnar eða bókhaldið var í verulegri óreiðu að dómi skiftarjettar.
3. Hefir farið burt úr lögsagnarumdæminu án leyfis skiftarjettar eða þverskallast við að láta skiftarjetti í tje alla þá fræðslu um hag sinn, er hann má veita og honum er lögskylt,

Nú er hafin opinber rannsókn um atriði þau, er í 1. tölul. greinir, og skal þá fresta meðferð frumvarps að nauðasamningum, þar til aðili er sýknadur með dómi eða ákærvaldið hefir fallið frá málshöfðun.

#### 5. gr.

Ekki má taka frumvarp að nauðasamningi til meðferðar, nema fullur helmingur atkvæðismanna, bæði að tölu og kröfumagni, samþykki, ef skuldunautur hefir eftir skiftaupphaf eða 3 mánuðum eða síðar fyrir þann tíma komið fram með frumvarp að nauðasamningi, er annaðhvort hefir fallið við atkvæðagreiðslu eða því hefir verið synjað staðfestingar.

Skrifleg yfirlýsing lánardrottna um samþykki þeirra skal fylgja frumvarpinu.

#### 6. gr.

Rjett er skuldunaut að breyta frumvarpi sinu eða auka við það, þar til það er borið upp á skiftafundi til umræðu. Eftir það getur skuldunautur ekki breytt eða aukið við frumvarpið, nema eftir áskorun eins eða fleiri atkvæðismanna eða samkvæmt leiðbeiningum skiftarjettar.

#### 7. gr.

Skiftaráðandi leggur frumvarp að nauðasamningi þegar fram á skrif-

stofu sinni er hann hefir úrskurðað það tækt, og skal það liggja frammi viku að minsta kosti til sýnis lánardrottnum. Framlagning frumvarps skal birta með þeim hætti, er skiftarjetti þykir hlýða. Framlagningartíminn telst frá auglýsingardegi.

Nú þykir skiftarjetti frumvarp að nauðasamningi ekki tækt, sbr. 4. og 5. gr., og skal hann þá kveða upp rökstuddan úrskurð um það, enda hafi skuldunautur átt kost á að tala máli sínu áður.

Úrslit eftir 1. og 2. málsgr. tilkynnir skiftarjettur skuldunaut þegar í stað.

#### 8. gr.

Skiftarjettur auglýsir með þeim hætti, er honum þykir hlýða, að frumvarp að nauðasamningi verði lagt fram á skiftafundi nánar til teknum. Ef þess er kostur, þá skal leggja frumvarpið fyrir fund þann, er rannsakar framkomnar kröfur (37. gr. skiftalaganna). Ella skal halda fund til að ræða frumvarpið svo fljótt sem kostur er.

Skiftarjettur getur frestað umræðum eða atkvæðagreiðslu um frumvarp frá einum fundi til annars, ef honum þykir það nauðsynlegt eða hentugt. Til þeirra funda skal boða sem til skiftafunda (23. gr. skiftalaganna):

#### 9. gr.

Meðan meðferð nauðasamnings stendur yfir má ekki selja eignir búins framar en nauðsynlegt kann að vera til greiðslu þeirra skulda, sem nauðasamningur tekur ekki til, og yfir höfuð skal búinu haldið í því horfi á meðan, að hagur skuldunauts raskist sem minst vegna skiftameðferðarinnar á búi hans.

#### 10. gr.

Allir lánardrottnar skuldunauts, þeir er lýst hafa í tækan tíma kröfum sínum eða kröfur þeirra eru án þess teknar til greina, og greiðslu eiga að fá af eignum búins (13. gr. laga nr. 7, 13. apr. 1894) hafa atkvæðisrjett að frumvarpi að nauðasamningi, nema einhverjar þær takmarkanir eða undantekningar, sem hjer fara á eftir, taki til þeirra.

#### 11. gr.

Nú á lánardrottinn fleiri en eina atkvæðiskröfu, og hefir hann þó að eins eitt atkvæði, þegar atkvæðismenn eru taldir, en kröfur hans eru samlagðar, þegar reikna á kröfumagn með samningi og móti.

Nú fer sami maður með umboð fleiri atkvæðismanna, og skulu þá hverjum þeirra talin atkvæði eins og ef þeir hefði sjálfir farið með atkvæðisrjett sinn.

Ef fleiri en einn eiga kröfu saman, þá fara þeir allir (báðir) með eitt atkvæði.

#### 12. gr.

Þessir lánardrottnar eiga ekki atkvæði um frumvarp að nauðasamningi:

1. Þeir, sem hlutbundinn rjett hafa yfir eignum búins til tryggingar kröfu

- sinni, að því leyti sem tryggingin telst nægileg til að greiða kröfuna. Um þann hlutann, sem eigi telst trygður, hafa þeir atkvæðisrjett.
2. Þeir, er forgangskröfur eiga á hendur búinu (82. og 83. gr. skiftalaganna).
  3. Þeir, er kröfu gera til gjafa úr búinu.
  4. Maki skuldunauts, frændur hans að feðgatali eða niðja, tengdforeldri og tengdabörn eða unnusti eða unnasta hans.
  5. Þeir, er nota kröfu til skuldajafnaðar (20. gr. laga nr. 7, 13. apr. 1894). Ef krafa er ekki öll höfð til skuldajafnaðar, fylgir henni atkvæðisrjettur að því leyti.
  6. Þeir, er eignast hafa fyrir framsal kröfu á hendur skuldunaut eftir upphaf gjaldþrotaskifta (8. gr. laga nr. 7, 13. apr. 1894) eða eftir að skuldunautur hefir skilað skiftarjetti árangurslaust frumvarpi að nauðasamningi til þess að afstýra gjaldþrotaskiftunum, nema aðili hafi eignast kröfuna vegna skuldbindingar, er hann hefir tekið á sig fyrir þann tíma, svo sem ábyrgð, sem hann hefir undirgengist fyrir skuldunaut og eigi greitt fyrr en eftir upphaf skifta.
- Vextir áfallnir eftir upphaf gjaldþrotaskifta teljast ekki með, þegar reikna skal kröfumagn.
7. Þeir, er hafa afsalað sjer hlutbundnum tryggingarrjetti, skuldajafnaðarheimild eða forgangsrjetti eftir þann tíma, sem í 6. tölul. segir, nema að að því leyti, sem þeir kynni ella að hafa átt atkvæðisrjett, sbr. 1. og 5. tölul.
  8. Þeir, er eiga skildagaðar kröfur, en skildaginn er ekki rættur.

#### 13. gr.

Nú skilur menn á um kröfu, hvort sem ágreiningurinn er um sæti kröfu í skuldaröð, tilvist hennar, tryggingu eða annað, og hefir lánardrottinn þá ekki atkvæðisrjett að sinni. En ef svo reynist, að úrslit kynni að verða önnur, ef þeir tæki þátt í atkvæðagreiðslu, er deilukröfur eiga, þá skal skiftarjettur rannsaka lögmæti þeirra krafna og að lokinni rannsókn skera úr því, hverjar þeirra og með hvaða fjárhæð skuli verða atkvæðakröfur. En ekki bindur sá úrskurður, ef síðar verður leitað dómsúrlausnar um þær kröfur.

#### 14. gr.

Atkvæðisrjett hefir lánardrottinn um frumvarp að nauðasamningi, þó að krafa hans hafi ekki verið viðurkend. En ekki er skuldunautur bundinn við þá ákvörðun, ef hann er síðar krafinn.

Atkvæðisrjettur fylgir kröfu, þó að hún sje ekki fallin í gjalddaga.

#### 15. gr.

Frumvarp skal telja samþykkt með þeim hætti sem hjer segir:

1. Ef skuldunautur býðst til að greiða 50% eða meira af samningskröfum — og þar með talin full greiðsla, en greiðslufrestur er áskilinn —, þá þarf samþykki  $\frac{2}{3}$  atkvæðismanna, er fari með að minsta kosti  $\frac{2}{3}$  af atkvæðiskröfum.

2. Ef skuldunautur býður minna en 50% af samningskröfum, en þó meira en 20%, þá þarf samþykki  $\frac{3}{4}$  í báðar áttir.
3. Ef skuldunautur býður 20% eða minna, þá þarf samþykki  $\frac{5}{6}$  í báðar áttir.

16. gr.

Nú fæst einungis nægur meiri hluti með frumvarpi í aðra áttina, og skal skiftarjettur þá ákveða fund af nýju, er haldinn sje ekki síðar en 14 dögum eftir. Ef þá fæst ekki nægur meirihluti í báðar áttir, þá er frumvarpið fallið.

Þeir, sem greiddu atkvæði með frumvarpi á fyrra fundinum, teljast og gera það á síðara fundinum, enda þótt þeir sæki hann ekki, nema þeir hafi tjáð skiftarjetti, að þeir hafi vikið frá atkvæði sínu.

17. gr.

Nú er frumvarp samþykkt á fundi, og skal skiftarjettur, eftir því sem honum þykir þurfa, rannsaka öll þau atriði, er máli skifta að lögum um gildi og staðfestingu samningsins. Rjett er skiftarjetti að stefna fyrir sig í því skyni og að viðlögðum þingvitisbótum með gestarjettarfyrrvara þeim mönnum, er telja má líklegt, að upplýsingar geti gefið, enda hefir skiftarjettur vald til að spyrja og eiðfesta vitni um öll þessi atriði. Ef vitni á varnarþing í öðru lög-sagnarumdæmi, skal hjeradsómari þar spyrja það eftir tilmælum skiftarjettar.

18. gr.

Ef allir atkvæðismenn hafa sótt fund, þar sem frumvarp að nauðasamningi hefir hlotið samþykki (15. gr.), þá getur skiftarjettur þegar staðfest samninginn, eftir atvikum að lokinni rannsókn samkvæmt 17. gr. Nú hafa ekki allir atkvæðismenn sótt fund, og á skiftarjettur þá að skora á þá með auglýsingu í Lögbirtingablaði að bera upp fyrir honum rökstudd mótmæli gegn frumvarpinu innan 14 daga frá birtingu auglýsingarinnar. Ef engin mótmæli koma, þá getur skiftarjettur þegar staðfest samninginn með þeim hætti, sem sagt var. Annars kostar boðar skiftarjettur til fundar af nýju með viku fyrirvara, nema sjálfur þurfi hann lengri frest til rannsóknar samkvæmt 17. gr., og á þeim fundi tekur hann svo ákvörðun um það, hvort staðfesta skuli samning eða ekki, enda hafi atkvæðismenn fengið kost á að lýsa álitu sínu á framkomnum mótmælum.

Birta skal einu sinni í Lögbirtingablaði, ef samningur hefir fallið eða hefir ekki fengið staðfesting.

Skiftarjettur kveður upp rökstuddan úrskurð um staðfestingu nauðasamnings og synjun staðfestingar.

19. gr.

Skiftarjetti er skylt að leiðbeina aðiljum eftir grundvallarreglum um meðferð almennra einkamála í hjeradi.

20. gr.

Synja skal skiftarjettur um staðfestingu á nauðasamningi, ef

1. Það kemur í ljós eftir samþykkt hans, að fyrirmæli 4. gr. standa staðfestingu í vegi.
2. Í samningi eru fyrirmæli í óhag einhverra þeirra lánardrottna, er samningur bindur ekki, enda hafi samþykki þeirra ekki komið til.
3. Einhverjum samningsmanna eða öðrum er eða hefir verið ívilnað í samningnum eða í sambandi við samningagerðina án samþykkis allra atkvæðismanna, eða ef rjettur einhvers samningsmanns er fyrir borð borinn án samþykkis hans.
4. Skiftaráðanda þykir vist, að skuldunautur eða aðrir hafi gefið rangar skýrslur um veruleg atriði, og ætla megi, að þær skýrslur hafi skift máli um ákvörðun lánardrottanna, er þeir samþykktu frumvarpið.
5. Ef ekki þykja sæmilegar líkur fyrir efndum nauðasamnings.
6. Ef einhver samningsmanna krefst þess, skal skiftarjettur synja nauðasamningi staðfestingar, ef sýnt er, að samningurinn brýtur verulega bág við sameiginlega hagsmuni samningsmanna, svo sem ef skuldauppgjöfin er að mun meiri eða gjaldfrestur að mun lengri en skuldunautur hefði þurft að fá eða trygging er stórum minni en honum hefði verið unt að veita.

21. gr.

Þegar nauðasamningur hefir hlotið staðfestingu skiftarjettar, bindur hann alla þá, er atkvæðisrjett eiga um frumvarp að honum, og enn fremur þá skuldheimtumenn, sem eigi hafa atkvæðisrjett og í 3., 4., 6., 7. og 8. tölul. 12. gr. segir, og þá, sem í 13. gr. getur, þótt þeir hafi verið úrskurðaðir frá atkvæðisrjetti.

22. gr.

Nauðasamningur hefir sömu verkanir sem dómssátt væri milli skuldunauts og samningsmanna, ef kröfur þeirra hafa verið viðurkendar í samningnum (sbr. 13. og 14. gr.).

23. gr.

Nauðasamningur haggar ekki heimild lánardrottins til þess að ganga að veði, sem þriðji maður kann að hafa sett til tryggingar samingskröfu, nje til að krefjast fullrar greiðslu af ábyrgðarmanni eða öðrum, sem ábyrgjast slíka skuld jafnframt skuldunaut.

24. gr.

Nauðasamningur leysir skuldunaut undan skyldu til að greiða þann hundraðshluta hverrar samningskröfu, sem frá er skilinn í samningnum, bæði gagnvart lánardrottni sjálfum, ábyrgðarmönnum og öðrum, er annars hefði átt endurgjaldskröfu á hendur honum fyrir greiðslu skuldarinnar.

Nú greiðir þriðjimaður, ábyrgðarmaður, samskuldari o. s. frv., þann

hluta skuldar, sem skuldunautur tók á sig með nauðasamningi, og er honum þá skylt að greiða þriðjamanni hundraðshlutann samkvæmt nauðasamningi að rjettri tiltölu við það, sem hinn hefir greitt.

25. gr.

Nú er krafa deilukrafa eða skildöguð, en skildagi ekki rættur, eða krafa hefir ekki verið viðurkend, og er skiftarjetti þá skylt, ef aðili krefst þess, að binda staðfestingu því skilyrði, að lagt verði fé til hliðar fyrir svo miklu af hverri slíkri kröfu, er svarar til þess, sem greitt er þegar eða greiða á á næstu 6 mánuðum af öðrum samingskröfum, þó þannig, að aldrei verði kostur þessara samingsmanna betri en kostur annara um greiðslur samkvæmt nauðasamningi.

Ef krafa er deilukrafa, verður lánardrottinn þó að höfða mál til greiðslu eða viðurkenningar hennar áður 6 mánuðir eru liðnir frá staðfestingu nauðasamnings. Ef krafa er skildöguð, getur skuldunautur krafist tryggingar aftur, ef skildagi er eigi rættur áður ár er liðið frá sama tíma.

26. gr.

Ekki eru samingsmenn leystir undan ákvæðum nauðasamnings, þótt hann verði ekki efndur, framar en í lögum þessum segir.

Nú býður skuldunautur til nauðasamninga af nýju eða bú hans verður tekið til skiftameðferðar sem þrotabú eða skuldfrágöngudánarbú áður en hann befir að fullu efnt nauðasamning, og er þá samingsmönnum rjett að heimta samningskröfur sínar með fullri upphæð, að því frádregnu, sem þegar kann að vera greitt, eins og ef enginn nauðasamningur hefði verið gerður. Samsvarendi gildir um ábyrgðarmenn og aðra, er greitt kunna að hafa skuldir fyrir skuldunaut, sbr. 24. gr.

27. gr.

Staðfestan nauðasamning skal skrásetja í skiftabók, enda skulu allir þeir, er greitt hafa atkvæði með honum, undirrita hann í skiftabókinni.

Áður en bú er afhent skuldunaut skal þess gætt, að allir skuldheimtu-menn, sem nauðasamningur tekur ekki til, hafi fengið sitt eða fulla tryggingu, nema þeir samþykki framsal búsinns með öðrum kostum. Ef skuldunautur skyldi greiða samingsmönnum að einhverju leyti eða öllu eða setja tryggingu, þá ber skiftarjetti og að afhenda ekki búið fyrr en það hefir verið gert, nema samþykki aðilja komi til.

Loks getur skiftarjettur haldið búinu í umsjá sinni, þar til greiddur hefir verið allur kostnaður af samingagerð og skiftum.

Skiftarjettur gerir skuldunaut skil fyrir meðferð sinni á búinu.

28. gr.

Ef nauðasamningur hlýtur staðfestingu, þá skal þegar birta tilkynningu um það í Lögbirtingablaði. Einnig skal birta þá eða síðar, sbr. 3. mgr. 27. gr., með sama hætti tilkynningu um framsal búsinns í hendur skuldunaut. Svo skal

og tilkynna til firmaskrár og blutafjelaga- og samvinnufjelagaskrár, ef þau fjelög eiga hlut að máli, staðfestingu og aðalefni nauðasamnings og framsal bús í hendur skuldunaut. Tilkynningu skal fylgja eftirrit af nauðasamningi og staðfestingarúrskurði, eða dómi um staðfestingu, ef staðfesting hefir fengist fyrir áfrýjun.

#### 29. gr.

Nú sannast það innan 3 ára frá staðfestingu nauðasamnings

1. Að skuldunautur hefir sjálfur, eða þriðji maður með vitund hans, ívilnað samningsmanni eða heitið honum ívilnun fram yfir aðra áður en samningagerðin hófst eða meðan hún stóð yfir, enda megi telja ívilnun hafa haft ábrif á samningagerðina,
2. Að nauðasamningur hafi komist á fyrir óráðvandlegt atferli af hálfu skuldunauts, svo sem visvitandi rangar skýrslur hans um hag hans, undanskot fjár o. s. frv., eða
3. Að skuldunautur hefir í sambandi við gjaldþrotaskiftin gert sig sekan um atferli, sem varðar refsingu eftir 262. eða 263. gr. almennra hegningarlaga, eða hefir greint visvitandi rangt frá um atriði, sem máli skifta, í bókum þeim, er hann hefir haldið, og er honum þá skylt að greiða samningsmönnum, sem ekki hafa tekið þátt í því atferli, sem nú var talið, kröfur þeirra með fullri upphæð eigi síðar en á upphaflegum gjalddaga, svo og ábyrgðarmönnum og samskuldurum sínum það alt, er þeir kunna að greiða eða hafa greitt og skuldunaut hefði verið skylt að endurgreiða, ef nauðasamningur hefði enginn verið gerður. Samningsmenn halda og óskertum rjetti sínum gagnvart þriðjamanni, er ábyrgist samningskröfu eða sett hefir veð til að tryggja hana.

#### 30. gr.

Nú liða 3 ár og 6 mánuðir svo, að samingsmaður hefir ekki fengið viðurkenningu skuldunauts um ónýting nauðasamnings vegna fyrirmæla 29. greinar eða hann hefir ekki höfðað mál til ónýtingar nauðasamningi, og er hann þá bundinn við samninginn.

### III. KAFLI.

*Um nauðasamninga án gjaldþrotameðferðar á búi skuldunauts.*

#### 31. gr.

Nú vill skuldunautur, er eigi hyggt geta staðið í skilum við lánardrottna sína, gera nauðasamning, og skal hann þá afhenda skiftarjetti þeim, er fara skyldi með skifti á búi hans, skriflega beiðni um það, að hann geri ráðstafanir til samingatilrauna.

Beiðni skal fylgja:

1. Greinargerð um orsakir til þess, að skuldunautur leitast nauðasamninga.



2. Efnahagsreikningur skuldunauts, gerður á þeim tíma, að engin veruleg breyting geti hafa orðið á efnahag hans síðan.
3. Sundurliðuð skrá yfir eignir skuldunauts, gerð á sama tíma sem efnahagsreikningur hans, og sje í skránni nákvæm skýrsla um fasteignir hans, skip, lausafje, kröfur, er hann á hjá öðrum o. s. frv.
4. Sundurliðuð skrá yfir lánardrottna skuldunauts, nafn hvers lánardrottins, skuldarupphæð, gjalddagi, trygging fyrir skuld o. s. frv.
5. Skrá um bækur þær, er skuldunautur heldur, hvort sem hann er bókhaldsskyldur eða ekki.
6. Drengskaparyfirlýsing um það, að skýrslur hans samkvæmt 1.—5. tölul. sje gefnar eftir bestu vitnd.
7. Frumvarp að nauðasamningi, og sje þar tekið til, hvern hundraðshluta af skuldum sinum aðili hygst að greiða, hvenær greiðslur eigi að fara fram, hverja tryggingu hann ætli að setja, ef því er að skifta, og annað, er hann vill hafa í nauðasamningi.
8. Meðmæli frá að minsta kosti  $\frac{1}{4}$  væntanlegra samingsmanna, bæði að tölu og kröfumagni.
9. Fjárbæð, 50—200 kr., eftir ákvörðun skiftarjettar til greiðslu kostnaðar af samingatilraunum.

#### 32. gr.

Peir, sem ekki hafa rjett til að leita nauðasamninga meðan bú þeirra sætir gjaldprotameðferð (4. gr.), er og meinað að leita nauðasamninga samkvæmt 31. gr.

Nú hefir skuldunautur borið fram frumvarp að nauðasamningi á síðustu 12 mánuðum, er annaðhvort hefir fallið eða verið synjað staðfestingar, og má skiftaráðandi þá ekki taka frumvarp hans til meðferðar, ef ætla má, eftir efni frumvarpsins að dæma, að úrslitin hljóti að verða hin sömu sem síðast.

Nú hefir gjaldprotameðferð á búi skuldunauts lokið svo fyrir misseri eða skemri tíma að skuldunaut hefir eigi verið fengið bú sitt til frjáls forræðis eða hann hefir gert nauðasamning fyrir 12 mánuðum og eigi efnt hann, og má þá eigi leita nauðasamninga fyrir hann, nema samþykki og yfirlýsing lánardrottna samkvæmt 5. gr. komi til.

#### 33. gr.

Skiftaráðandi skal þegar skrá í skiftabók athugasemd um að beiðni samkvæmt 31. gr. sje til hans komin og nefna fylgiskjöl með henni, enda skal nákvæmlega greina dag og stund, er beiðnin kom á skrifstofu skiftarjettar. Ef þörf þykir, rannsakar skiftarjettur málavöxtu, eftir atvikum með þeim hætti, sem í 17. gr. segir, áður en hann úrskurðar, hvort beiðni skuli taka til greina eða ekki. Einnig kveður skiftarjettur skuldunaut á fund sinn, ef þörf þykir, enda er skiftarjetti skylt, að leiðbeina skuldunaut og veita honum kost á að lagfæra það, er ábótavant þykir vera um beiðnina eða fylgiskjöl með henni eða annað.

Jafnskjött sem unt er leysir skiftarjettur úr því með rökstuddum úrskurði, hvort beiðni skuli taka til greina eða ekki.

Ekki skal taka beiðni til meðferðar og niður falla samningatilaunir, ef þær eru byrjaðar, ef

1. Svo reynist ástætt sem í 32. gr. segir.
2. Skuldunautur veitir skiftarjetti ekki þá fræðslu um efnabag sinn, sem hann er krafinn um og máli skiftir að álitu skiftarjettar, svo og ef skuldunautur þverskallast við fyrirælum skiftarjettar um meðferð á þúu sínu (36. gr.).
3. Ekki verður komist að sæmilega áreiðanlegri niðurstöðu um hag skuldunauts.
4. Skuldunautur fer svo úr lögsagnarumdæminu, að ekki verði náð nógu skjóttlega til hans, þegar þörf er, að dómi skiftarjettar.
5. Vist þykir, að óhjákvæmilegt verði að synja samningi staðfestingar, enda breyti skuldunautur honum ekki í það horf, sem skiftarjettur telur nauðsyn til þera.
6. Skuldunautur ívilnar einstökum samningsmönnum, meðan á samningatilaunum stendur.

#### 34. gr.

Nú synjar skiftarjettur að taka til greina beiðni samkvæmt 31. gr., og skal hann þegar skýra skuldunaut frá því.

Ef beiðnin er tekin til greina, hvort sem það er gert eftir úrskurði skiftarjettar eða úrlausu æðra dóms, þá skal telja samningaráðstafanir byrjaðar frá þeirri stundu, er beiðni um þær kom til skiftarjettar.

#### 35. gr.

Frá því er samningatilaunir byrja (34. gr.) og þar til þeim er lokið ma enginn væntanlegra samningsmanna kyrsetja fjármuni skuldunauts nje gera aðför í þeim.

Frá upphafi samningstilauna og þar til atkvæðagreiðslu lánardrottna um nauðasamning er lokið getur enginn samningsmanna látið taka þú skuldunauts til gjaldþrotamedferðar, sbr. þó 36. gr., nema hann hafi til þess samþykki atkvæðismanna, er fari með nægilegt atkvæðamagn til þess að fella nauðasamning. Eftir að samningur er samþykktur og þar til skiftarjettur hefir úrskurðað um staðfestingu hans getur enginn samningsmanna fengið þú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskifta.

Nú verður þú skuldunauts tekið til gjaldþrotaskifta samkvæmt kröfu lánardrottins eftir þessari málsgrein, og skal þá telja riftingarfræsti (22., 23., 25., 26. og 28. gr. laga nr. 7, 13. apr. 1894) til upphafs nauðasamninga (34. gr.).

Lánardrottinnar þeir, sem nauðasamningur bindur ekki, geta gengið að skuldunaut lögum samkvæmt þrátt fyrir samningatilaunirnar.

#### 36. gr.

Frá því að beiðni samkvæmt 31. gr. er komin til skiftarjettar og þar til samningagerð er lokið má skuldunautur ekki greiða neinum af væntanleg-

um samingsmönnum skuldir hans, eindagaðar eða óeindagaðar, nje veita nein-  
um samningamanni ivilnanir fram yfir hina.

Skuldunautur fer með bú sitt og heldur áfram atvinnurekstri sinum  
meðan á samningatilaunum stendur undir umsjá skiftarjettar eða annars um-  
sjármanns, er skiftarjettur setur, ef honum þykir þess þörf.

Skuldunautur má ekki veðsetja eignir sínar frá því að samningatila-  
raunir hófust (34. gr.) og þar til þeim er lokið. Ekki er honum heldur heimilt  
að selja, leigja eða láta af hendi með öðrum hætti fasteignir sínar nje skrá-  
sett skip sín. Aðrar eignir getur hann af hendi látið, ef afhendingin verður  
talin til venjulegra ráðstafana í atvinnurekstri hans. Ekki má skuldunautur  
heldur taka lán nje stofna nýjar skuldir fram yfir það, sem nauðsynlegt er til  
atvinnurekstrar hans eða heimilisframfærslu að álitu skiftarjettar.

Ógildar eru ráðstafanir skuldunauts þær, sem honum eru bannaðar  
samkvæmt 2. málgr., nema ákvörðun um samningagerð hafi ekki verið birt  
(37. gr.) og kaupunaut hafi verið ókunnugt um hana, enda verði honum ekki  
á þeim ókunnugleika sök gefin. Ef skuldunautur brýtur fyrir mæli þessarar  
greinar verulega, þá skal skiftarjettur taka bú hans til gjaldþrotaskifta, ef ein-  
hver lánadrottna hans krefst þess.

### 37. gr.

Jafnskjótt sem ákveðið hefir verið, að beiðni samkvæmt 31. gr. skuli  
til greina tekin, skal skiftarjettur birta þrisvar sinnum í Lögbirtingarblaði á-  
skorun til allra þeirra lánardrottna skuldunauts, er væntanlegur nauðasam-  
ningur bindur og kröfur áttu á hehdur honum við upphaf samningatilauna  
(34. gr.), um að lýsa fyrir skiftarjetti kröfum sínum innan 4 vikna frá síð-  
ustu birtingu auglýsingar. Auglýsingu skal einnig þinglýsa á varnarþingi skuldu-  
nauts og á varnarþingi skipa og fasteigna hans. Fyrir þinglýsingar þessar  
greiðist ekkert gjald.

Eigi missir lánardrottinn kröfu sinnar, þótt hann lýsi henni ekki, sam-  
kvæmt 1. málgr., en ekki hefir hann rjett til að taka þátt í meðferð frum-  
varps að nauðasamningi, nema kröfulýsing hans sje komin til skiftarjettar að  
minsta kosti viku fyrir þann fund, er atkvæðagreiðsla um frumvarpið skal byrja.  
Og ekki skal fresta meðferð frumvarps vegna lánardrottna, er eigi hafa lýst  
kröfum sínum samkvæmt 1. málgr.

Í auglýsingu þeirri, sem í 1. málgr. getur, skal einnig boðað til fund-  
ar til þess að ræða frumvarp að nauðasamningi og ef til vill greiða atkvæði  
um það, og skal ekki hafa þann fund síðar en 14 dögum eftir lok kröfu-  
lýsingarfrests.

Loks skal skiftarjettur tilkynna öllum væntanlegum samningsmönnum  
í ábyrgðarbrjefi eða með símskeyti, ef brjef mundu ekki berast nægilega fljótt,  
að nauðasamninga verði leitað fyrir skuldunaut, að kröfum skuli lýst innan  
ákveðins tíma (sbr. 1. málgr.) og að fundur verði haldinn til að ræða og ef  
til vill greiða atkvæði um frumvarpið (sbr. 3. málgr.). Ekki raskar það þó  
gildi nauðasamnings, þó að lánardrottni hafi ekki borist tilkynning sam-  
kvæmt þessari málgr.

Jafnskjött sem ákveðið hefir verið að taka beiðni skuldunauts til greina, skal leggja hana með fylgiskjölum (31. gr.) fram á skrifstofu skiftarjettar til sýnis lánardrottnum, enda eiga þeir rjett á að fá eftirrit af frumvarpi að nauðasamningi fyrir lögmælt ritlaun.

38. gr.

Skuldunautur getur afturkallað frumvarp sitt þangað til skiftarjettur hefir lýst því yfir, að atkvæðagreiðsla um það skuli fara fram. Afturköllun skal auglýsa í Lögbirtingablaði og þinglýsa samkvæmt 2. málsg. 37. gr.

Breytingar getur skuldunautur gert á frumvarpi sínu og viðauka við það með sama hætti sem í 6. gr. segir. Sker skiftarjettur svo úr því, hvort frumvarp þannig breytt fullnægi lögmæltum skilyrðum til þess að samningatilaunir megi halda áfram.

39. gr.

Að liðnum kröfulýsingarfresti semur skiftarjettur skrá yfir allar framkomnar kröfur, bæði nöfn og heimili lánardrottna, skuldarupphæð eða efni kröfu að öðru leyti, gjalddaga ásamt athugasemd um það, hvort skuldunautur viðurkenni kröfu eða mótmæli henni, hvort krafa sje skildögud o. s. frv. Einnig gerir skiftarjettur skrá um eignir og skuldir skuldunauts, ef ekki hefir reynst unt að fara eftir skrá þeirri, er skuldunautur hefir sjálfur afhent (31. gr.). Skjöl þessi, svo og breytingartillögur og viðaukatillögur skuldunauts við frumvarpið, skal leggja fram á skrifstofu skiftarjettar.

40. gr.

Ef nauðsyn ber til, þá getur skiftarjettur tekið sjer aðstoð við rannsókn á búinu og eftirlit á kostnað skuldunauts. Skiftarjettur ákveður þóknun til handa aðstoðarmönnum sínum.

41. gr.

Á fundi þeim, sem í 3. málsg. 37. gr. segir, leggur skiftarjettur fram skjöl þau öll, sem í 31. og 40. gr. getur.

Sækja skal skuldunautur þann fund, nema sjúkdómur, veður eða vötn banni. Skal hann senda einhvern góðan mann í stað sinn, ef þess er kostur. Nú telur skiftarjettur vist eða líklegt, að skuldunautur hafi hvorugt mált gera, og frestar hann þá fundi hæfilegan tíma. Ef skuldunautur sækir ekki fund að forfallalaus, þá falla samningatilaunir niður samkvæmt úrskurði skiftarjettar. Úrskurð skal birta eins og mælt er í fyrri málsg. 38. gr.

Skuldunaut er skylt að veita lánardrottnum sínum á fundi allar þær skýringar og upplýsingar, sem hann má og máli skifta.

Einnig er einstökum lánardrottnum skylt að svara spurningum skiftarjettar og annara lánardrottna um skifti hans við skuldunaut. Ef lánardrottinn svarar ekki, enda þótt telja megi hann munu geta það, eða svarar vísvitandi rangt um veruleg atriði, þá getur skiftarjettur úrskurðað að hann

skuli hafa fyrirgert atkvæðisrjetti sínum um frumvarpið. Og auk þess varðar atferli lánardrottins refsingu eftir 147. og 149. gr. alm. hegningarlaga.

Ef fundi er frestað, boðar skiftarjettur til fundar af nýju með þeim hætti, sem honum þykir hlýða.

#### 42. gr.

Hver sem skuldar þeim, er nauðasamninga leitar, getur, ef nauðasamningur kemst á, dregið frá það, sem hann kann að eiga hjá honum, hvernig sem kröfu og gagnkröfu er varið, enda hafi gagnkröfuhafi eða sá, sem hann hefir erft kröfu eftir, öðlast hana áður en auglýsing um nauðasamninga var birt (37. gr.), án þess að honum væri þá kunnugt um, að skuldunautur undirbyggi þá eða leitaði nauðasamninga, eða gagnkrafan stafar af skuldbindingu, sem gagnkröfuhafi hefir undirgengist fyrir þenna tíma og svo var ástatt um skuldunaut og vitneskju hins sem fyrr var sagt. Nú leikur vafi á um það, hvenær gagnkrafa er til orðin, og getur gagnkröfuhafi þá staðfest skýrslu sína þar um með eiði fyrir skiftarjetti.

Meðan samningagerð stendur yfir, má skuldunautur ekki framselja viðskiftabrjefskröfur sínar með þeim hætti, að skuldajafnaðarheimild glatist, nema aðilja sje sett trygging fyrir því tjóni, er hann kann að bíða þar af.

Ef gagnkröfuhafi krefst þess, þá skal skiftarjettur skrá á viðskiftabrjef skuldunauts, þegar nauðasamningur er staðfestur, að aðilja sje áskilin skuldajafnaðarheimild samkvæmt þessari grein, þó að brjefið verði framselt, nema gagnkröfuhafa sje sett trygging við tjóni, er hann kynni að bíða, ef skuldajafnaðarheimild hans glatast vegna framsals, og skal þá aðferð hafa, ef brjefið er víxill.

Ákvarðanir skiftarjettar um gagnkröfur samkvæmt þessari grein eru ekki bindandi, ef ágreiningur verður síðar um þær.

#### 43. gr.

Peir, sem öðlast hafa kröfur á hendur skuldunaut fyrir upphaf nauðasamninga (34. gr.), hafa atkvæðisrjett um þá eftir þeim reglum, sem í 11.—14. gr. segir.

Nauðasamningur tekur yfir óeindagaðar kröfur, en rjett er að draga frá sparisjóðsvexti frá greiðsludegi og til gjalddaga, ef fyrr er greitt.

Rjett er að meta til peningaverðs allar kröfur á hendur skuldunaut er nauðasamningur tekur til, ef það er nauðsynlegt til að koma jöfnuði á milli allra samningsmanna og til að reikna atkvæðamagn með nauðasamningi og móti.

Um atkvæðamagn og samþykkt nauðasamninga fer annars eftir 15. og 16. gr.

#### 44. gr.

Nauðasamningur er gildur, þegar skiftarjettur hefir staðfest hann. Fara skal skiftarjettur eftir 18. og 19. gr.

Skiftarjettur synjar staðfestingar:

1. Ef það kemur í ljós eftir samþykkt nauðasamnings, að fyrirmæli 32. gr. standa staðfestingu í vegi.
2. Ef svo stendur á sem í 2.—6. tölul. 20. gr. segir.

45. gr.

Svo fer um skrásetningu nauðasamnings í skiftabók og undirskrift lánardrottna sem í 27. gr. er mælt.

Auglýsing og tilkynning um synjun og staðfesting nauðasamnings skal fara eftir 28. gr.

46. gr.

Um verkanir nauðasamnings fer eftir 21.—26. gr., sbr. 43. gr.

Sá, er forgangskröfu á á hendur skuldunaut, heldur forgangsrjetti sínum þar til mánuði eftir lok nauðasamninga, enda þótt krafan sje þá orðin það gömul, að forgangsrjettur á búi skuldunauts væri þá annars glataður.

47. gr.

Skuldunautur, sem hefir í frammi nokkra þá athöfn, sem í 262. og 263. gr. almennra hegningarlaga segir, meðan á nauðasamningatilaunum stendur eða eftir að hann var tekinn að hyggja á slíka samninga, sæti refsingu eftir þeim greinum.

48. gr.

Nú sannast það innan 3 ára frá staðfestingu nauðasamnings:

1. Að svo hefir verið að farið sem í 1. og 2. tölul. 29. gr. segir, eða
2. Að skuldunautur hefir gerst sekur samkvæmt 47. gr., eða hefir greint visvitandi rangt frá í bókum sínum um atriði, sem máli hafa skift um samþykkt eða staðfestingu nauðasamnings, og fer þá um gildi hans samkvæmt 1. og 2. málgr. 29. gr.

#### IV. KAFLI.

##### *Áfrýjun.*

49. gr.

Ályktunum skiftarjettar samkvæmt II. og III. kafla laga þessara má skjóta til hæstarjettar eftir þeim reglum, sem hjer segir.

50. gr.

Úrskurði, þar sem beiðni eftir 3. og 31. gr. er tekin til greina, verður ekki áfrýjað.

Úrskurði, þar sem synjað er að taka beiðni samkvæmt 3. og 31. gr. til greina, úrskurði, þar sem ákveðið er, að samningatilaunir skuli falla niður

eða þar sem nauðasamningi er synjað staðfestingar, getur skuldunautur einn áfrýjað.

Öðrum ályktunum skiftarjettar getur hver sá áfrýjað, er ályktun varðar hag hans að lögum.

Áfrýjunarfrestur er vika frá uppkvaðning úrskurðar eða frá lokum þeirrar dómsathafnar, er áfrýja skal. Úrskurði um staðfestingu á nauðasamningi má þó áfrýja innan 14 daga.

Úrskurði hæstarjettar um þóknun aðstoðarmanna skiftarjettar eftir 40. gr. má fullnægja með aðför í búi skuldunauts, ef á þarf að halda.

#### 51. gr.

Áfrýja má þegar ályktunum skiftarjettar, en ekki stöðvar áfrýjun samningatilaunir.

Nú er úrskurðað, að samningatilaunir skuli niður falla eða nauðasamningi er synjað staðfestingar, og skal þá ekki telja samningatilaunum lokið fyr en liðinn er áfrýjunarfrestur, enda sje áfrýjunarbeiðni þá ekki fram komin, eða hæstirjettur hefir staðfest úrskurðinn.

Ef úrskurðað er, að nauðasamning skuli staðfesta, má ekki framselja skuldunaut bú hans nje hætta eftirliti, fyr en áfrýjunarfrestur er liðinn, enda hafi ekki verið áfrýjað, eða hæstirjettur hefir staðfest úrskurð skiftarjettar.

#### 52. gr.

Áfrýjandi skili skiftarjetti skriflega beiðni áður en áfrýjunarfrestur er liðinn um það, að skiftarjettur annist áfrýjun þess atriðis, sem áfrýja á, og sje það svo glögt greint, að ekki sje um að villast, svo og þær kröfur, sem áfrýjandi gerir, ástæður þær, sem hann byggir kröfur sínar á og gögn þau, er hann telur sjer í hag, og mega ný gögn og nýjar kröfur koma fram. Skiftarjettur sendir hæstarjetti svo fljótt sem unt er áfrýjunarbeiðni, eftirrit úr skiftabók af öllu því, er það mál varðar, skjöl þau, sem að málinu lúta og álit sitt, ef hann vill.

Hver, sem áfrýjuð athöfn varðar, getur og sent hæstarjetti skriflega greinargerð sína um málið.

Nú þykir hæstarjetti málið ekki nægilega skýrt, og leggur hann þá fyrir skiftarjett að afla upplýsinga þeirra, sem vantar. Skal skiftarjettur gera það svo fljótt sem kostur er á, og fer um þá rannsókn eftir 17. og 41. gr. Eftirrit rannsóknar sendir skiftarjettur hæstarjetti jafnskjótt sem kostur er.

Hæstirjettur kveður upp úrskurð í málum þessum innan viku frá því, er skjölin komu til hans, sbr. 1. og 3. málsg., nema málið sje sjerstaklega umfangsmikið, enda sje úrskurður aldrei uppkveðinn síðar en 2 vikum eftir móttöku skjalanna.

## V. KAFLI.

### *Um gjöld o. fl.*

#### 53. gr.

Fyrir starfsemi skiftarjettar samkvæmt III. kafla þessara laga skal greiða gjald í rikissjóð, sem reiknast þannig í hlutfalli við eignir skuldunauts samkvæmt skýrslu hans eftir 31. gr.:

$\frac{1}{8}\%$  af fyrstu kr. 20000.

$\frac{1}{8}\%$  af næstu — 80000.

$\frac{1}{8}\%$  af því, sem þar er fram yfir. Þó verður lægsta gjald aldrei minna en kr. 20, og hæsta gjald aldrei meira en 500 kr. Gjaldið reiknast af heilum hundruðum, og tala, sem endar á 50 eða hærri tölu verður hækkuð í 100, en tala, sem endar á lægri tölu, verður færð niður í 100.

Ef beiðni samkvæmt 31. gr. er synjað, skal gjalda einar 10 kr. Ef samningatilraunir falla niður áður en frumvarp að nauðasamningum er borið upp til atkvæðagreiðslu eða ef samningi er synjað staðfestingar, skal gjalda hálf gjald.

Nú verður bú skuldunauts tekið til gjaldprotaskifta 4 mánuðum eða fyr eftir lok samningaumleitana eða eftir staðfestingu nauðasamnings, og skal þá draga það frá skiftagjaldi, sem greitt hefir verið í rikissjóð vegna samningagerðarinnar. Þegar gjaldprotameðferð bús lýkur með nauðasamningi, skal aldrei greiða nema  $\frac{1}{4}$  skiftagjalds í rikissjóð.

#### 54. gr.

Áfrýjandi greiðir kr. 20 í rikissjóð fyrir fyrirtöku máls í hæstarjetti, og skal senda skiftarjetti gjaldið ásamt áfrýjunarbeiðni, og vottar skiftarjettur um greiðslu þess um leið og hann sendir hæstarjetti skjölin. Að öðru leyti greiðast engin gjöld fyrir meðferð máls í hæstarjetti.

Hæstirjettur getur gert þeim, er áfrýjað hefir án þess að hann verði talinn hafa haft sæmilega ástæðu til þess, eða fyrir ósæmileg ummæli eða vísvitandi ósannindi í málflutningi, að greiða 20—200 kr. sekt til rikissjóðs.

Að öðru leyti dæmir hæstirjettur engan málskostnað.

#### 55. gr.

Ef skiftarjettur dregur óhæfilega störf þau, sem á honum hvíla samkvæmt lögum þessum, má beita 1. málsgr. 97. gr. skiftalaganna. 100. gr. sömu laga á hjer og við.

#### 56. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1924.

Nú hefur bú verið tekið til gjaldprotameðferðar fyrir 1. júlí 1924, og getur þá skuldunautur neytt heimildar II. sbr. IV. kafla til þess að leita nauðasamninga, ef beiðnin um það kemur fram eigi síðar en mánuði eftir nefndan tíma, enda hafi skiftarjettur ekki þá þegar gengið frá úthlutunargerð búsins.



## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ef maður hjer á landi verður ófær til að greiða skuldir sínar, þá eru þrjár leiðir handa honum til að fara:

1. Bú hans verður tekið til gjaldþrotameðferðar. Hún raskar venjulega mjög högum hans, enda geta óvægðir lánardrottmar oft mjög misbeitt heimild sinni til þess að gera skuldunauta sína gjaldþrota. Oftast fara allmikil verðmæti i sùginn fyrir skuldunaut vegna gjaldþrotaskifta á búi hans. Og verður það bæði óhagur skuldunauts og lánardrottna hans. Eignir hans eru oft seldar, þegar verst gegnir, og atvinnurekstur hans fer i mola o. s. frv.

2. Hann getur reynt að komast að samningum við lánardrottna sína. Þetta getur stundum tekist, en tveir verulegir annmarkar eru nú á því.

a) Skuldunautur þarf að fá samþykki allra lánardrottna sinna, því að enginn meiri hluti, hversu mikill sem hann er, getur bundið minni hlutann. En venjulega verður það skilyrði sett af hálfu lánardrottna, sem ívilnun heita, þegar svo stendur á sem hjer, að allir aðrir lánardrottmar mannsins gangi að sömu kostum. En einn einasti þeirra getur ónýtt allar samningatilraunirnar og þar með að engu gert þann kostnað og þá fyrirhöfn, sem til þeirra hefir farið.

b) Sá, er ekki getur sjálfur samið til hlitar fyrir sig, verður vitanlega að fá annan til þess, venjulega málaflutningsmann. Það hlýtur að kosta talsvert, því að slíkar samningatilraunir geta tekið mikinn tíma, eru talsvert vandasamar og mikið undir því komið, að vel sje og viturlega að farið. Í annan stað eru samningar þessir algerir einkasamningar. Enginn óvilhallur embættismaður með þekkingu á málavöxtum gætir þess, að rjettur manna sje ekki fyrir borð borinn og að alt fari með heiðarlegu móti.

3. Loks getur skuldunautur látið reka á reiðanum sem kallað er. Það er heldur óholt viðskiftalífni, þótt við það verði alls ekki ráðið.

Eflaust mundi það hjálpa ýmsum til að komast á rjettan kjöl hjer, eins og annarstaðar, ef mönnum yrði gefinn kostur á því að gera samninga við lánardrottna sína þannig að þeir þyrfti ekki að verða gjaldþrota, eða eftir að bú þeirra væri til gjaldþrotaskifta tekið. Í stað þess að skuldunautur verður sviftur umráðum yfir búi sínu (verður gjaldþrota), er honum veittur kostur á að leita nauðasamninga fyrir milligöngu skiftarjettar eða annara embættis- eða sýslunarmanna. Og ef samningar takast, þá afstýrir hann gjaldþrotaskiftum. En ef skifti eru byrjuð, þá getur skuldunautur boðið lánardrottnum sínum til samninga með likum hætti, og fær svo bú sitt til frjálsrar meðferðar, ef samningar takast. Getur hann þá aftur byrjað atvinnu sína, ef til vill með þau efni, er hann átti fyrir skiftin.

Í grannlöndum vorum öllum hefir gjaldþrotamönnum verið fyrir löngu veittur kostur á að reyna nauðasamninga með atbeina skiftarjettar eða annara opinberra starfsmanna, þannig að lögmæltur meiri hluti lánardrottanna, bæði að höfðatölu og kröfumagni, sem samþykkir samningana, bindur minni hlutann, sem vill hafna þeim. Þvi eru þessir samningar nefndir á tungu Norðmanna og Dana »Tvangsakkord«, í Þýskalandi »Zwangvergleich« og í Austurríki »Zwangsausgleich«. Svíar kalla þá að eins »Ackord« milli skuldunauts og lánardrottna, Englendingar »com-

position«, Frakkar »concordat« o. s. frv. En auk þessa hefir sá háttur viðá komist á, að skuldunautar hafa átt kost á að reyna þessa samningaleið til þess að afstýra gjaldþrotameðferð á húi sínu. Og hvorttveggja virðist sjálfsagt að lögleiða hjer, eins og lagt er til í frumvarpi þessu.

Í Svíþjóð eru tvenn lög um efnið, bæði frá 13. maí 1921. Önnur eru um nauðasamninga eftir að gjaldþrotameðferð er byrjuð, og eru þau fyrirmæli í 7. kap. gjaldþrotaskiftalaga Svía (skammstafað hjer S), en hin í sjerstökum lögum (skammstafað hjer S. ack.). Norðmenn hafa og í gjaldþrotalögum sínum frá 6. júní 1863, með breytingum 6. maí 1899 og 2. júní 1906 (skammst. N) fyrirmæli um nauðasamninga í sambandi við gjaldþrotaskifti, og um samninga án gjaldþrotaskifta hafa þeir lög 6. maí 1899 (skammst. N akk.). Danir hafa í 13. kap. gjaldþrotaskiftalaga sinna frá 25. mars 1872, fyrirmæli um nauðasamninga í sambandi við gjaldþrotaskifti (skammst. D.) og í lögum 14. apr. 1905 ákvæði um slíka samninga án gjaldþrotaskifta, og í 39. gr. þessara laga var loks mjög rýmk- uð heimild gjaldþrotaskiftalaganna til að leita nauðasamninga.

Samkvæmt skýrslu Hagt. VIII. bls. 4 hafa gjaldþrotaskifti hjer á landi verið að meðaltali frá 1908—1922 incl. 13,2 á ári, og 198 alls. Búast má við, að þessi tala hækki, og sjerstöklega á fjárkreppuárum, eins og nú er. Einnig frá þessu sjónarmiði virðist varla mega lengur dragast að leiða í lög heimild til þess að leita nauðasamninga.

Norðurlandalögin hafa verið höfð til fyrirmyndar, en þó einna mest farið eftir dönsku lögnum. Kemur það til af því, að þau eru bygð á sömu stofnun- um að miklu leyti, sem hjer eru og skiftalög og gjaldþrotalög hjer og í Dan- mörku eru mjög um hið sama far, enda bygð á sömu rjettarvitund.

## UM I. KAFLA.

### Um. 1. gr.

Heitið nauðasamningur á að tákna það, að sumir lánardrottuar verða að hlita samningnum nauðugir, þótt þeir hafi synjað samþykkis. Sbr. fornyrðið »nauðahandsal«. Orðið virðist taka yfir það, sem í því á að felast ekki ver en útlendu heitin, sem nefnd voru að framan.

Hin heitin eru höfð fyrir stuttleika sakir, og virðast munu geta fest rætur sem sjerstök lagaheiti í þessu sambandi.

### Um 2. gr.

Kröfulýsingarfrestur 22. gr. skiftalaganna er nú allskostar óþarflega lang- ur (12 mánuðir handa erlendum skuldheimtumönnum, og 6 mánuðir handa inn- lendum). Ekki er heldur nokkur ástæða til að gera upp á milli innlendra og er- lendra skuldheimtumanna nú orðið. Samgöngur við útlönd eru síst stíðari en samgöngur innanlands. Þegar nú tilætlunin er að leiða í lög fyrirmæli um nauða- samninga, þá er afleiðing þess sú, að sem mest getur þurft að hraða búsméðferð, því að nálega aldrei er fyrirfram vitað, nemá henni lykti með nauðasamningum.

En þeir koma því fremur að haldi sem skuldunautur er skemur sviftur búsföráðum. Þess vegna er lagt til, að kröfúlýsingarfrestur verði stytur í 4 mánuði, sem síst virðist of skammur tími. Og úr því að þessi frestur telst nægilegur í þrotabúum, þá ætti hann líka að vera það, þegar öðrum búum er skift.

## UM II. KAFLA.

Skuldunautur á að fá heimild til að leita nauðasamninga við lánardrottna sína bæði áður og eftir að hann verður gjaldþrota. En reglurnar um hvort þetta geta ekki að öllu farið saman. Þegar aðili er orðinn gjaldþrota, þá hefir skiftarjettur bú hans undir sinni hendi, og skuldunautur hefir þá verið sviftur öllu búsföræði. Skiftarjettur á þegar, og því venjulega áður en hafist er handa um undirbúning nauðasamninga, að gefa út auglýsingu um gjaldþrotaskiftin og innköllun svo nefnda til skuldheimtumanna. Fyrir þessar sakir og ýmsar aðrar geta ekki sömu reglur að öllu gilt um tjeðar tvær tegundir nauðasamninga. Margar geta verið sameiginlegar, og nægir því allvíða í III. kafla að vísa fram fyrir í þenna kafla til þess að sneitt verði hjá endurtekningum.

### Um 3. gr.

Æskilegast mun að öllum jafnaði, að samningatilboð komi fram jafn-skjótt sem skiftarjettur hefir aflað sjer glöggrar þekkingar á högum búsin. Þá verða ekki heldur gerðar ráðstafanir á búinu, sem í bága kynni að fara við samninga eða gerði það að verkum, að þeir kæmi síður að gagni eða minkuðu óþarflega getu skuldunauts, t. d. óheppileg sala á eignum hans. Skuldheimtumenn eiga auk þess rjett á því, að þeir sjeu ekki að óþörfu dregnir á samningatilboðum og þar með ef til vill seinkað öllum ráðstöfunum á búinu þeim í óhag, af því að látið er í veðri vaka, að samningafrumvarp komi bráðlega. Hinsvegar getur verið óheppilegt að meina skuldunaut alveg að koma með frumvarp, þótt seint sje. Ef til vill hafa honum opnast nýjar leiðir, sem gera honum mögulegt að koma með álitlegt samningatilboð. Og þá er ef til vill öllum óheppilegt, ef öll sund væru lokuð til þess að koma á nauðasamningum. Sbr. S 150. og 152. gr., D. 102. gr. og N. 60. gr.

### Um 4. og 5. gr.

Nokkrar ástæður virðast vera til að setja skorður við því, að frumvarp að nauðasamningum komi fram, þegar litlar líkur eru til að aðili geti efnt eða vilji efna skyldur sínar eða framferði hans í atvinnurekstri sínum hefir verið vitavert. Sjerstaklega virðist hjer ástæða, eigi síður en í Danmörku, til að leggja þau viðurlög við vanrækslu á bókhaldi, að aðili eigi ekki rjett á að leita nauðasamninga, ef hann hefir verulega brotið þær skyldur, sem lög leggja honum á herðar að því leyti. Sbr. annars S. 151, 166. gr., N 60. og 70. gr., D 101. gr.

Um 6. gr.

Sbr. S 161. gr., N 63. gr., D 104. gr.

Um 7. gr.

Ákvæði greinarinnar miða til þess, að allir lánardrottarnir geti sem fyrst fengið færi á að kynnast frumvarpinu og gera athugasemdir sínar við það, og að skuldunautur geti sem fyrst fengið vitneskju um það, hvort frumvarpið verði talið tækt, og ef svo er ekki, lagfært það.

Um 8. og 9. gr.

Virðist ekki þurfa að skýra.

Um 10.—14. gr.

Hjer segir um það, hverir hafa skuli atkvæði um nauðasamninga. Þau fyrirmæli eru aftur að mestu leyti grundvöllur undir ákvæðinu um það, hverja nauðasamningur bindi. Í S eru samsvarandi ákvæði í 158. og 159. gr. í N í 65. gr. og í D í 105.—110. gr. Aðalreglan hlýtur að vera sú, að yfir höfuð hafi lánardrottarnir atkvæðisrjett, eitt atkvæði hver, og svo skifti það einnig máli, hversu háa kröfu hver hefir. Og þannig eru reglurnar líka annarstaðar í aðalatriðum, þótt munur sje í ýmsum minni háttar atriðum.

10. og 11. gr. virðist ekki þurfa að skýra.

Um 12. gr.

athugast: 1. tölul. er sjálfsgæður, því að veðhafar og aðrir, sem hlutbundinn rjett eiga, eru ekki bundnir við nauðasamninga svo langt sem sá rjettur þeirra hrökkur.

Um 2. tölul. gildir sama. Eftir annara landa lögum eru forgangsskuldheimtumenn óbundnir af nauðasamningum, og er ætlast til, að sama regla verði hjer lögtekin.

Um 3. lið. Þótt gjafkrefjendur sje ekki sviftir atkvæðisrjetti um nauðasamninga eftir lögum Norðurlanda, þá virðist það þó eðlilegt, með því að þeir eru settir að baki öllum almennum lánardrottnum, og eru því hjer í raun rjetttri flokkur út af fyrir sig í skuldaröðinni, 7. flokkur, sbr. 85. gr. skiftalaganna. Fyrir því er það ekki rjett, að þessir menn geti gert ákvörðun, sem úrslitum ræður um hag almennra skuldheimtumanna hjer fremur en í gjaldþrotabúum. En þar hafa þeir ekki atkvæðisrjett um málefni búsin fyrr en sýnt er, að þeir muni eitthvað fá.

Um 4. lið. Það þykir rjett hjer sem annarstaðar að svifta ýmsa nánustn venlamenn skuldunauts atkvæðisrjetti, með því að hætta þykir vera á því, að þeir hafi hag hans meir fyrir augum en skuldheimtumannanna, svo að útkoman kynni að verða önnur en hún hefði í raun og veru átt að verða, ef þeir hefði atkvæðisrjett.

Um 6. lið. Ef þeir, er fengið hafa framsal að kröfu eftir að gangskör er gerð eða á að gera að nauðasamningum, hefði alment atkvæðisrjett, þá væri hægur heima fyrir einstaka menn að kaupa upp kröfur á hendur gjaldþrota

manni til þess að ráða úrslitum nauðasamninga. Því er slíkum mönnum bægt frá atkvæðisrjetti.

Litlu munar venjulega um vöxtu, en þeim er hjer sleppt af því að það bakar skiftarjetti nokkurt ómak að reikna þá, því að oft yrði hann að gera það tvisvar eða oftar, því að atkvæðagreiðsla getur vel tekið fleiri en einn fund, sbr. 16. gr. frv.

Um 7. tölul. Til grundvallar liggur hjer svipuð hugsun sem í 6 lið. Vin-hollir menn skuldunaut gætu með því að afsala sjer veðrjetti eða forgangsrjetti aflað sjer atkvæðisrjettar um nauðasamninga og þar með ráðið úrslitum, einkum ef glöggst stæði. Í lögum Dana og Norðmanna er þessum mönnum þó berum orð-um heimilaður atkvæðisrjettur, og hafa þó fræðimenn bent á hættuna af því.

Um 8. lið. Þessir menn fá ef til vill aldrei neinn rjett á hendur búi eða skuldunaut, og því virðist rjettast að láta þá ekki hafa atkvæðisrjett, og svo er með þá farið í lögum Norðmanna.

13. gr. er svipuð að efni og S 2. mgr. 158. gr., og D. 107. og 110. gr. Þó er hjer ekki ætlast til þess, að samningur falli nokkurn tíma fyrir það eitt, að skiftarjettur fái ekki gert sjer grein fyrir lögmati kröfunnar, eins og í D. Það virðist vera alt of ströng niðurstaða. Skiftarjettur verður að gera sjer grein fyrir þessu atriði og annaðhvort neita kröfunni um atkvæðisrjett eða láta atkvæði koma fyrir hana sem aðrar kröfur.

14. gr. á við kröfur, sem skuldunautur hefir ekki mótmælt, en þó ekki viðurkennt. Þær þarf skiftarjettur ekki að rannsaka eftir 13. gr. og þær hafa altaf atkvæði, eins og viðurkendar kröfur.

#### Um 15. og 16. gr.

Eins og fyrr er drepið á, er venja að binda samþykkt á frumvarpi að nauðasamningi tveim skilyrðum. Að ákveðinn meiri hluti skuldheimtumanna samþykki frumvarpið, og að þeir fari með ákveðinn meiri hluta af upphæð krafna á hendur búinu — ákveðið kröfumagn, eins og það er kallað í frumvarpinu sumstaðar.

Það er auðvitað álitamál, sem alt af má deila um, hvernig skipa skuli um meiri hluta þann, sem hjer á að nægja. Það eitt mun mega telja einsætt, að setja því strangari skilyrði sem óhagfeldari kjör eru bœðin af hálfu skuld-nauts. Þeim, sem þykja kröfur frv. of harðar eða of linar, er innan handar að stinga upp á hærri tölum eða lægri. Sbr. S 162. gr., N 67. og 68. gr. og D 108. og 109. gr.

#### Um 17. gr.

Samsvarandi fyrirmæli eru í N 69. gr. Ákvæðin eru til þess, að skuldheimtumönnum verði ekki gert rangt til, einkum þeim, sem fjarstaddir eru eða hafa greitt atkvæði gegn frv.

#### Um 18. og 19. gr.

Þessar greinar miða til þess, að fyrirbyggja það, að einstakir skuldheimtu-menn beri skarðan hlut eða að öðrum sje ívilnað, og yfir höfuð að samningur verði staðfestur, sem ekki á að fá staðfestingu. Það er nauðsynlegt, að gætur sjeu

hafðar á öllu slíku, og að skiftarjettur bæði veiti þeim, sem óánægðir eru, kost á að láta þá óánægju í ljósi og færa rök fyrir henni, og dæma síðan, hvort andmæli þeirra leiða til synjunar á staðfestingu samningsins. Sbr. D 117. gr.

Vera má, að ekki sje brýn þörf að skylda skiftarjett til að leiðbeina aðiljum, með því að hann á að rannsaka ex officio svo margt eftir 17. gr. En leiðbeiningarskyldan getur þó skift máli, t. d. til að laga galla á frumvarpi, til að gera kröfur o. s. frv. Og það er gott málsaðiljum að vita það, að þeim er rjett að krefja skiftarjett leiðbeininga.

#### Um 20. gr.

Staðfesting skiftarjettar þarf til þess, að nauðasamningur geti orðið bindandi. Í þessu er ein aðaltryggingin fyrir því, að þeir, sem ekki hafa atkvæðisrjett eða ekki hafa samþykkt samninginn eða þeir, sem samþykkt hafa hann, en ef til vill á röngum forsendum, beri ekki skarðan hlut frá borði. Skiftarjettur hefir fyrst rannsakað málavöxtu, enda oftast líklega nægilegt, að hann hefir stýrt samningagerð og fylgst með henni frá upphafi, og loks gætir hann þess, að staðfesta ekki samning, ef lögmælt skilyrði eru ekki fyrir hendi. Og auðvitað á skiftarjettur samkvæmt 19. gr. að benda á annmarka á samningnum áður en hann er borinn undir lánardrottna til atkvæðagreiðslu.

Ef ekki fæst staðfesting skiftarjettar eða hæstarjettar á frumvarp að nauðasamningi, þá er það fallið úr sögunni að því sinni. Og þeir, sem hafa greitt atkvæði með því, eru ekki einu sinni bundnir við það, því að samþykki þeirra verður að telja veitt með því skilyrði, að samningur fengi staðfestingu.

Svo getur borið við, að það komist ekki upp fyr en eftir að samningur hefir fengið samþykki, að skuldunautur átti alls ekki rjett á að bjóða til nauðasamninga. Og þá er einsætt, að skiftarjettur á að synja staðfestingar, enda hefði hann átt að láta niður falla samningatilaunir, ef það hefði komið fyr í ljós.

Svo mætti að visu virðast sem staðfesta mætti samning, þótt hann geymði ákvæði um aðra en samningamenn, úr því að þeir eru ekki bundnir við þau. En það væri þó mjög óviðeigandi, að skylda skiftarjett til að staðfesta samning með sýnilegum lögleysum eða markleysum. Annað mál er það, að afskifti skiftarjettar af samningagerðinni ætti að vera nokkurn veginn full trygging fyrir því, að úr samningi verði tekin þannig löguð ákvæði, enda á skiftarjettur að benda aðiljum á það, er honum þykir ekki mega vera í samningum. Sbr. aths. við 18. og 19. gr.

Þá er samningur gerður á röngum forsendum, er svo er ástatt sem í 3. og 4. lið segir. Líkt er um 5. og 6. lið. Er það skiftarjettar hjer sem annarstaðar, að gæta sjerstaklega hagsmuna þeirra, sem bundnir eru við samning, þótt þeir hafi ekki samþykkt hann. Sbr. N 70. og 71. gr., S 168. gr., D 118. gr. og D akk. 25. og 26. gr.

#### Um 21. gr.

Það verður að vera aðalreglan, að nauðasamningur bindur þá eina, sem rjett hafa til að greiða atkvæði um hann. En undantekningu verður þó að gera um almenna lánardrottna, sem ekki hafa atkvæðisrjett eftir 12. gr., og menn, sem

deilukröfur eiga eftir 13. gr. og skiftarjettur eða eftir atvikum hæstirjettur hefir úrskurðað frá atkvæðisrjetti.

#### Um 22. gr.

Nauðasamningur veitir lánardrottni, sem hefir dæmda kröfu eða viðurkenda af skuldunaut, það hagræði, að hann hefir fengið aðfarargrundvöll og að kröfunni stóðar ekki að neita, nema áfrýjað verði og hæstirjettur breyti. Kröfur, sem annaðhvort er mótmælt eða að minsta kosti ekki viðurkendar, eru hjer undanteknar. Um þær þarf að fá viðurkenningu skuldunauts og annan aðfarargrundvöll, dóm eða sátt. Sbr. 13. gr.

#### Um 23. og 24. gr.

Virðist ekki þurfa að skýra. Sbr. S 169. gr., N 78. gr., D 113. og 120. gr.

#### Um 25. gr.

Ef gjaldþrotaskifti hefðu verið til lykta leitt með skuldagreiðslu eftir gildandi lögum, þá mundu þessir skuldheimtumenn hafa fengið annaðhvort greiðslu skulda sinna sem aðrir eða fje hefði verið lagt til hliðar handa þeim, sbr. 45. gr. skiftalaganna. En þegar nauðasamningur er gerður, þá má vera, að aðrir lánardrottnar fá sitt þegar að einhverju leyti eða öllu og fengið hafa þeir aðfarahæfan samning á borð við rjettarsátt um kröfur sínar. Hinsvegar eiga deilukröfumenn og eigendur skildagaðra krafna alls eigi að fá betri kosti en aðrir lánardrottnar. Í greininni er reynt að gera kosti þeirra sem líkasta kjörum annara almennra lánardrottna. Sbr. N 73. gr.

#### Um 26. gr.

Ef skuldunautur getur ekki efnt samninginn og verður alt að einu gjaldþrota, þá mundu þeir lánardrottnar, sem við nauðasamning verða bundnir, sæta misrjetti borið saman við síðari lánardrottna skuldunauts, ef þeir skyldu aðeins fá hundraðshluta greiddan úr þrotabúinu af þeim hluta kröfu sinnar, sem greiða skyldi eftir nauðasamningnum. Ef jöfnuður skal vera fullur, þá eiga þeir að fá úr þrotabúinu greiddan hundraðshluta af hverri kröfu *allri*. Og sama er, ef skuldunautur býður til nauðasamninga af nýju áður en hann hefir efnt þann, er síðast var gerður. Frá skal að sjálfsgöðu draga það, er þegar kann að hafa verið greitt. Fyrirmæli í sömu átt er í N 79. gr. og D akk. 32. gr., sem þó fara ekki eins langt, og halda því misrjettinu að nokkru leyti.

#### Um 27. og 28. gr.

Hjer lýkur gjaldþrotaskiftum með nauðasamningi, og skuldunautur fær umráð eigna sinna. Verður að aflýsa gjaldþrotaskiftum með svipuðum hætti sem þau voru auglýst. Þeim verður auðvitað að borga, sem nauðasamningur bindur ekki, eða gera samninga við þá um greiðstur. Sbr. annars hjer við firmal. 21. gr., 35. gr. samvinnufjelagalaganna og 44. gr. hlutafjelagslaganna.

#### Um 29. og 30. gr.

Hjer er ráð gert fyrir þeim möguleika, að ýmislegt misferli af hálfu skuldunauts og stundum annara, er mundi hafa valdið synjun á staðfestingu samninga, ef það hefði þá verið kunnugt, komist ekki upp fyr en eftir að samningur hefir hlotið staðfestingu og eftir að liðinn er áfrýjunarfrestur. Samningurinn hefir þá verið gerður á röngum forsendum, og væri því ógildur gagnvart lánardrottnum þeim, sem ekki hafa um annmarkana vitað, eftir almennum samningareglum. Og er það samkvæmt annara landa lögum, að nauðasamningur verði ógildur, eins og ætlast er hjer til, ef svo reynist sem hjer segir. En binda verður þetta við ákveðinn frest, bæði að misferli sannist áður en mjög langt er liðið, og að lánardrottinn reki rjettar síns áður en langur tími er liðinn frá því. Sbr. N 78., D 123. og S 172. gr.

#### UM III. KAFLA.

Hjer koma ákvæðin um nauðasamninga án þess að bú skuldunauts sje tekið til gjaldþrotameðferðar áður en samningatilaunir hefjast. Eins og sjá má, nægir allviða að vísa til fyrirmæla II. kafla, en einungis setja sjerreglur að því leyti sem reglurnar mega ekki vera sameiginlegar.

#### Um 31. gr.

Þessi grein svarar til 3. gr. En hjer þarf skuldunautur að gera miklu meira en þar segir, því að skiftarjettur og skuldheimtumenn hafa átt kost á að kynna sjer fjárhag hans vegna gjaldþrotaskiftanna, sbr. 5. og 6. sbr. við 11. gr. laga nr. 7, 1894. En hjer hefir skiftarjettur ekki, og skuldheimtumenn ekki heldur, átt kost á að kynna sjer hag skuldunauts. Þess vegna verður hann að koma hjer með samsvarandi greinargerð, nema nákvæmari sje, og þegar hann gefur bú sitt upp til gjaldþrotaskifta. Ákvæðin um meðmæli skuldheimtumanna eru til þess sett, að skuldunautur komi síður fram með allskostar óboðlegar uppástungur. Minni ástæða virðist til að gera slík meðmæli að skilyrði, þegar nauðasamninga er leitað eftir að gjaldþrotaskifti eru byrjuð, því að skuldunaut er þá í lófa lagið að hafa spurst fyrir hjá lánardrottnum sínum nægilega mörgum til þess að reyna, að hverju gengið verði, enda hefir skiftarjettur þá hafist handa, hvort sem er vegna gjaldþrotaskiftanna, en hjer hefir hann enn ekkert aðhafst. Sbr. S ack. 1. og 2. gr., N akk. 1. gr. og D akk. 1. gr.

#### Um 32. gr.

Hjer má vísa til aths. við 4. gr., að því við bættu, að rjett virðist að reisa skorður við því, að skuldunautur geti leitað nauðasamninga hvað ofan í aunað. Sbr. S ack. 1. gr., N akk., 23. gr. 5., D akk. 4. gr.]



#### Um 33. gr.

Ef skuldunautur er gjaldþrota, þá getur skiftarjettur knúð hann til að veita fræðslu um hag sinn, sbr. 5. og 6., sbr. 11. gr. 1. nr. 7, 1894. En hjer hefir skiftarjettur ekki bein þvingunarráð í hendi sjer. Því er ákvæði 2. tölul. sett. Samskonar er um 3. og 4. atriðið að segja. Hjer er hættara við ívilnunum en þegar skuldunautur verður gjaldþrota, því að þá verður hann sviftur forræði á búi sínu jafnskjótt sem skifti hefjast, sbr. 8. gr. laga nr. 7, 1894. Um 1. og 5. tölul. má segja, að þeir sjeu óþarfir, því að sjálfsagt sje, að samningatilaunum hætti, ef svo verður ástatt sem þar segir. En úr því að hin atriðin voru tekin, sem sjálfsagt var að gera, þá virtist rjettara að taka þessi og með. Sbr. D akk. 3. og 4. gr., N akk. 2. gr., S. ack. 7. gr.

#### Um 34. gr.

Reglan í 2. málsgr. er í samræmi við ákvæði 8. gr. laga nr. 7, 1894. Sbr. D akk. 5. gr., N akk. 33. gr., sbr. og S ack. 13. gr.

#### Um 35. gr.

Ef lánardrottnum væri öllum jafnheimilt að ganga að skuldunaut eftir upphaf samningagerðar, þá kæmu samningar að litlum notum. Því á að þurfa svo marga lánardrottna að höfðatölu og svo mikið kröfumagn sem áskilið er til að fella nauðasamning, til þess að gera skuldunaut gjaldþrota eftir að samningatilaunir eru byrjaðar. Og eftir að skuldheimtumenn hafa samþykkt frumvarp að nauðasamningi, þá eiga þeir ekki að geta gert skuldunaut gjaldþrota þar til af-ráðið er um staðfestingu samningsins. Þetta gildir þó ekki um skuldheimtumenn, sem nauðasamningar taka ekki til, nje heldur, þegar skuldheimtumamaður brýtur þær reglur um meðferð bússins skuldheimtumönnum sínum í óhag, sem honum eru löglega settar, sbr. 36. gr. Það getur borið við, að nægur meiri hluti skuldheimtumanna fengist til að gera skuldunaut gjaldþrota á tímabilinu milli samþykktar skuldheimtumanna og staðfestingar skiftarjettar, t. d. af því að nýjar kröfur hefðu komið fram eftir samþykktina. Um aðför í bú skuldunauts er svipað að segja sem um gjaldþrot.

Líða kynni riftingarfrestur eftir 4. kap. laga nr. 7, 1894 ónotaður, svo að riftanleg ráðstöfun eftir þeim lögum yrði óhagganleg vegna þess, að ekki var kostur að gera skuldunaut gjaldþrota. Þess vegna er riftingarfresturinn lengdur, þar sem miða á við upphaf nauðasamninga, ef skuldunautur verður gjaldþrota samkvæmt 2. málsgr., í stað upphafs gjaldþrotaskifta samkvæmt 8. gr. laga nr. 7, 1894. Sbr. D akk. 5. gr., N akk. 33. gr., S akk. 12. og 13. gr.

#### Um 36. gr.

Með því að bú skuldunauts verður venjulega ekki tekið til gjaldþrotaskifta, þá heldur hann forræði á því, meðan á samningagerð stendur. En rjett virðist vera að takmarka forræði þetta líkt og gert er í N akk. 7. gr. Skiftarjettur eða umboðsmaður hans á því að hafa umsjá með bússmeðferð skuldunauts, jafn-

framt því, sem settar eru sjerstakar takmarkanir um meðferð skuldunauts á eign-  
um sínum. Rjettur þess, er skiftir við skuldunaut, fer sem eftir 14. gr. laga nr. 7, 1894.

Hinsvegar er einsætt, að skuldunautur verður að þola það, að bú hans  
verði tekið til gjaldþrotaskifta eftir kröfu skuldheimtumanna hans, ef hann fer  
ekki svo með eignir sínar, meðan á samningagerð stendur, sem lög mæla. Hver  
samningsmanna getur heimtað gjaldþrotaskifti, enda þótt krafa hans sje ekki ein-  
döguð. Að öðru fer um hann sem aðra gjaldþrotakrefjendur, nema hann þarf  
ekki að leiða sönnur að getuleysi skuldunauts. Um það bera samningaboð hans  
honum vitni.

#### Um 37. gr.

Peir einir lánardrottnar, sem skuld eiga að manni áður en hann skilar  
beiðui um tilraunir til nauðasamninga, koma undir þá samninga, svipað og um  
gjaldþrotaskifti gildir, sbr. 13. gr. laga nr. 7, 1894. Og eftir upphaf nauðasamn-  
ingatilrauna má skuldunautur ekki stofna skuldir, nema mjög takmarkað.

Birting samningagerða fer með svipuðum hætti og birting gjaldþrotaskifta  
eftir 14. gr. laga nr. 7, 1894, að við bættu ákvæðinu um þinglýsingu (innritun)  
á varnarþingi fasteignar og skips, sbr. 46. gr. laga nr. 19, 1887, um aðför. Áritun  
á viðskiftabrjef um samningagerð er að visu nauðsynlegt til að fyrirbyggja það,  
að grandalaus þriðji maður geti öðlast rjett yfir eða samkvæmt brjefinu. En með  
því að skiftarjettur tekur ekki búið í vörslur sínar, virðist tæplega hægt að bjóða  
honum að rita á þau athugasemd. En að því leyti sem skiftaráðanda er það  
hægt, þá er rjett að hann skrái athugasemd á þessi skjöl.

Önnur fyrirmæli greinarinnar stefna í þá átt, að veita lánardrottnum sem  
fljótasta og besta fræðslu um samningaboð skuldunauts. Sbr. D akk. 6. gr., N  
akk. 6. gr. og S. akk. 7. og 8. gr.

#### Um 38. gr.

Ákvæðið um afturköllun stendur í sambandi við það, að hana þarf hjer  
að birta, en það merkir ekki, að skuldunautur geti ekki líka afturkallað frum-  
varp til nauðasamninga samkvæmt II. kafla. En þar þurfti ekki að nefna birt-  
ingu á afturköllun vegna þess, að þá hefir ekki farið fram slik birting nauða-  
samningagerðar sem hjer, því að hún er óþörf, af því að gjaldþrotaskifti hafa  
verið birt og skuldunautur ef til vill löngu sviftur búráðum. En hjer er aflýsing  
nauðasamningatilrauna nauðsynleg af því að þær voru áður birtar.

#### Um 39. gr.

Þarf ekki að skýra, að öðru en því, að skrá sú, er hjer getur, er ekki  
nefnd í II. kafla af því að skylda skiftarjettar til að sannreyna hag skuldunauts  
og veita skuldheimtumönnum vitneskju um hann byggist þar á skiftalögnum.  
En hingað ná þau ekki.

#### Um 40. gr.

Ef nauðasamningar eru reyndir eftir II. kafla, þá getur skiftarjettur tekið

sjer aðstoð samkvæmt skiftalögum, sbr. 32. gr. þeirra. En hjer verður sú heimild ekki notuð, og því er ákvæðið sett.

Um 41. gr.

Vera má, að alveg hefði verið rjett að setja sömu fyrirmæli að öllu um nauðasamninga eftir II. kafla sem hjer eru. En þar er gert ráð fyrir, að skiftarjettur hafi nægilegt tangarhald á skuldunaut eftir gjaldþrotalögum og sje venjulega gagnkunnugur ástandi búsin, og því muni ekki þörf frekari heimildar vegna nauðasamninganna en gjaldþrotalögin og 17. gr. veita. Sbr. D akk. 7. gr., N akk. 14. og 16. gr.

Um 42. gr.

Þetta ákvæði er, með nauðsynlegum orðunarbreytingum, sams efnis sem 20. gr. laga nr. 7, 1894 og D akk. 22. gr.

Um 43. gr.

Um atkvæðisrjett, atkvæðamagn og samþykt nauðasamninga má láta sömu reglur gilda hjer sem eftir II. kafla og visast því til aths. við 10.—14. gr.

Ákvæði 2. málsgr. er sjálfsagt, en er sett hjer, og ekki í II. kafla, vegna þess að fyrir er til sama regla um þrotabú í 19. gr. laga nr. 7, 1894.

3. málsgr. er í aðalatriðum sama efnis sem 18. gr. laga nr. 7, 1894, og er sett hjer, en ekki í II. kafla af sömu ástæðu sem sagt var um 2. málsgr.

Um 44. gr.

Sbr. aths. við 20. gr.

Um 45. gr.

Sömu reglur eiga hjer við sem í 27. og 28. gr. segir.

Um 46. gr.

Hjer er nauðsynlegt að setja samsvarandi reglu um fresti sem í 3. málsgr. 35. gr., svo að ekki verði spilt rjetti forgangslánardrottma vegna nauðasamninga. Þeim er að visu rjett að heimta gjaldþrotaskifti, en hætt er við því, að oft yrði þeir fengnir til að draga að ganga að skuldunaut með loforði um vissa greiðslu, þegar byrjaðir væru nauðasamningar, og kynni því stundum að missa forgangsrjett sinn, ef skuldunautur yrði gjaldþrota upp úr samningatilaununum. Annars eiga reglur II. kafla um verkanir nauðasamninga hjer við. Sbr. D akk. 33. gr.

Um 47. gr.

Það virðist sjálfsagt, að láta sömu viðurlög ná til ívilnana og annara vitaverðra athafna hjer eins og ef skuldunautur verður gjaldþrota, einkum vegna þess, hversu takmarkaður aðgangur almennra skuldunauta manns er ákveðinn, þegar hann hefir leitað nauðasamninga, til að láta taka bú hans til gjaldþrotaskifta. Sbr. D akk. 33. gr.

Um 48. gr.

Með þeirri breytingu á orðalagi, sem leiðir af 47. gr., er þessi grein eins og 29. gr.

#### UM IV. KAFLA.

Það verður ekki hjá því komist, að veita mönnum kost á því, að bera ályktanir skiftarjettar undir æðra dóm. Almennur mundi að vonum ekki sætta sig við það, að hjer væri, fremur en annarstaðar, fyrirmunað að leita rjettar síns fyrir æðra dómi. Hinsvegar þarf að flýta þessum málum sem mest að unt er, því að venjulega koma nauðasamningar að því meiri notum sem málunum verður fyrir lokið. Svo er og litið á annarstaðar. Og því er reynt að hafa málsmeðferð sem einfaklasta og hraðasta. Frestir eru því hafðir mjög skammir, sbr. t. d. D akk. 36. gr., dönsk lög »om Rettens Pleje« 11 apr. 1916, 675 gr. og N akk. 29. gr. Þessi mál fara til hæstarjettar eftir reglunum um »Kære« í Danmörku og í Noregi til »Kæremaalsudvalg« hæstarjettar. Þegar »Kære« er höfð, er engin stefna út gefin og eigi málflutningur með sama hætti sem annars, heldur er aðiljum veittur kostur á að skýra mál sitt skriflega einu sinni, en venjulega ekki oft. Frestir verða því ekki veittir.

Hjer er samskonar aðferð valin. Hver, sem ekki vill hlíta úrlausnum skiftarjettar, getur snúið sjer til hans með beiðni um það, að skiftarjettur annist um, að málið verði borið undir hæstarjett. Kostnaður af málskoti þessu er ekki teljandi. Sjálfur getur áfrýjandi sent hæstarjetti skýringar á máli sinu beint eða fyrir milligöngu skiftarjettar. Þegar skiftameðferð er á búi og einnig þegar nauðasamninga er leitað án þess að til skiftameðferðar sje komið, eiga svo margir hlut að máli, að frágangssök væri að bjóða skiftarjetti að gera þeim öllum viðvart, ef einhver beiddist áfrýjunar. Skiftarjettur veit ekki einu sinni eða þarf ekki að vita, hvar mennirnir eru niður komnir. Og svo mundu slíkar tilkynningar taka óratíma. Hver verður því, eins og annars, þegar búum er skift, að hafa gætur á því, sem fram fer. Hver verður hjer að vera við áfrýjun búinn, meðan áfrýjunarfrestur er ekki liðinn.

Um einstakar greinar skal þetta athugað:

Um 49. gr.

Vísast til þess, sem hjer hefir verið sagt.

Um 50. gr.

Það ætti að verða aðalreglan, að beiðni um samningatílaunir eftir 3. og 31. gr. verði tekin til greina. Hitt mun væntanlega verða undantekning, að sá ljóður sje á ráði skuldunauts, að honum sje fyrirmunað að fara þessa leið. Það virðist sjaldan miklu spilt, þó að tílaunin sje gerð. Helst mætti segja, að hún kynni að tefja skifti, þegar samninga er leitað eftir að skuldunautur er gjaldþrota orðinn. En reyndin mun áreiðanlega verða sú, að engin veruleg tóf verður

af samningatilauninum, þó að þær reynist árangurslausar. Þess vegna þykir rjett að úrskurðir eftir 1. málsgr. sjeu ekki áfrýjanlegir.

Um frestina má deila. Má vera, að sumum þyki þeir of skammir, og er þá hægur nærri að gera tillögu um lengingu þeirra. Sannleikurinn er sá, að rjettarfarsfrestir eru nú margir allskostar óþarflega langir, t. d. 6 mánaða áfrýjunarfrestur í almennum einkamálum.

#### Um 51. gr.

Regla 1. málsgr. um það, hvenær fyrst megi áfrýja úrskurði og hvaða verkanir áfrýjun hafi, er í samræmi við gildandi reglur um áfrýjun úrskurða skiftarjettar, sbr. 7. gr. laga nr. 7 1894 og 96. gr. skiftalaganna. Auðvitað á skiftarjettur að haga svo meðferð allri, að ekki komi í bága við hagsmuni áfrýjanda frammar en óhjákvæmilegt er.

Af 2. málsgr. leiðir, að gjaldþrotaskiftum má ekki lúka eða yfir höfuð taka þau aftur upp, fyr en ráðið er, hvort úrskurður skiftarjettar heldur gildi. Eftirlit það og hömlur þær, sem í 36. gr. segir, halda áfram með sama hætti sem áður.

#### Um 52. gr.

Vísast til upphafs-athugasemdanna. Ætlast er til, að úrlausnir hæstarjettar í málum þessum verði jafnan nefndar úrskurðir, en ekki dómar. Gera má ráð fyrir því, að atriði þau, sem til hæstarjettar koma, verði ekki margbrotin og því æfðum dómurum auðleyst, enda eru dómendur í hæstarjetti ekki svo störfum hlaðnir, að þeir mundu geta helgað sig alla nokkra daga málum þessum í einu, ef þörf krefði.

### UM V. KAFLA.

Hjer er safnað nokkrum fyrirælum um gjöld til ríkissjóðs fyrir afskifti embættismanna af málum þeim, sem lög þessi taka til. Það er í anda löggjafar vorrar, að nokkuð sje hjer greitt, sbr. aukatekjulögin, en álitamál er, hversu mikið það skuli vera.

#### Um 53. og 54. gr.

Ef nauðasamningar standa í sambandi við gjaldþrotaskifti, þá hefði að vísu orðið að fara eftir 33. gr. aukatekjulaganna. En í stað þess er sett ákvæði í síðustu málsgr., þar sem ákveðið er, að aldrei verði greitt meira en lægsta gjald eftir 33. gr. aukatekjulaganna.

Ef samningatilaunir koma ekki að notum, og skuldunautur verður gjaldþrota skömmu eftir, virðist full sanngirni, að það, sem greitt hefir verið fyrir nauðasamningatilaunirnar, verði dregið frá skiftagjaldinu, eins og gert er í Danmörku.

Áfrýjun á að vera svo ódýr sem kostur er á. Er stungið upp á 20 kr. greiðslu fyrir fyrirtöku máls og heimilað að gera aðilja sekt, ef ástæður hans

þykja fjarri sanni. Er hvorttveggja gert til að afstýra því, að menn skjóti málum alveg að ófyrirsynju tii æðra dóms, því að hjer er sjerstök hætta á því, af því að málskostnaðurinn er ekki aðhald hjer, eins og í einkamálum alment.

Um 55. gr.

Hjer eru sömu ástæður eða svipaðar og þær, er liggja til grundvallar fyrir 97. gr. 1. málsgr. skiftalaganna. Skiftarjettur getur dregið meðferðina hjer á langinn ekki síður bagalega en þegar skiftameðferð stendur yfir. Getur því líka orðið nauðsynlegt hjer að fá öðrum manni málin í hendur en hinum reglulega skiftaráðanda.

Um 56. gr.

Það virðist sanngjarnt að veita skuldunautum, sem orðnir eru gjaldþrota, þegar lögin öðlast gildi, heimild til að leita nauðasamninga, ef þeir fullnægja lög-mæltum skilyrðum til þess, og ekki er frá úthlutunargerð búsin gengið, sbr. 49. gr. skiftalaganna. En þá hefir skiftaráðandi gengið frá úthlutunargerð, ef hún er komin í það far, að henni verður ekki breytt nema af æðra dómi eftir áfrýjun.